

Forsætisnefnd

Drög að breytingu á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík

Á fundi borgarráðs þann 3. júní 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 19. maí 2021, sbr. samþykkt umhverfis- og heilbrigðisráðs frá 19. maí 2021 á drögum að breytingu á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti að vísa erindinu til meðferðar forsætisnefndar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að gera breytingar á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í ljósi þess að lífræn hirða við heimili er að hefjast nú í haust. Borgarbúum mun því standa til boða frá og með 1. september að koma fyrir sér íláti undir lífrænan úrgang.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Málið er allt með ólíkindum, ekki nóg með að Gas- og jarðgerðarstöðin – GAJA – í umsjá Sorpu hafi farið langt fram úr fjárhagsætlun heldur er moltan ónothæf. Það lá fyrir í upphafi með hvaða hætti flokkun sorps fer fram á höfuðborgarsvæðinu en nú hefur komið í ljós – það sem fulltrúar Sjálfstæðisflokks bentu ítrekað á – að moltan sem jarðgerðarstöðin framleiðir er algjörlega ónothæf og það sem verra er að nauðsynlegt er að urða hana.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Byrja á að hirða lífrænan úrgang frá heimilum næsta haust. Bæta á við starfsmanni og tunnum. Fulltrúi Flokks fólksins telur að hér ætti að vera um val að ræða, ekki aðeins í byrjun heldur ávallt. Víða er fólk með sína eigin jarðgerð við heimahús. Hér finnst fulltrúa Flokks fólksins að fólk ætti að fá að ráða því sjálft hvort það vill gera þetta sjálft.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 19. maí 2021

